Reykjavík

Frístundaheimilið Skýjaborgir

Starfsáætlun 2026-2027



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

.

Efnisyfirlit:

Inngangur....3
Innra mat 2025-2026 5
Umbótaáætlun 2026-2027 .... **Error! Bookmark not defined.**
Helstu dagsetningar og áherslur starfsársins 6
Lokaorð....9

Inngangur

Starfsáætlun Skýjaborga 2026-2027

Frístundaheimilið Skýjaborgir þjónustar börn á aldrinum 6-7 ára í Vesturbæjarskóla.
Forstöðukona er Laufey Hrönn Jónsdóttir og aðstoðarforstöðukona er Guðrún Katrín Snædal. Starfsmenn eru 12 og margir með fjölbreytta menntun og reynslu.

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Leiðarljós, hlutverk, framtíðarsýn og gildi

Leiðarljós
Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk og framtíðarsýn
Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs er að gefa börnum og ungmennum rík tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í leik, námi, starfi og lífinu almennt.

Einnig hefur sviðið sett sér það hlutverk að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.
Frístundastarf Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundar er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Gildi

Framsækni - gott getur alltaf orðið betra!

Umhyggja - okkur er ekki sama!

Fjölbreytileiki - með opnum hug opnast dyr!

Aðgerðaráætlun

Áætlunin er í takt við skólaárið og nær frá 23.ágúst 2026.- ágúst 2027. Hér á eftir munum við lista upp helstu verkefnin og viðburðina sem eru í hverjum mánuði starfsársins fyrir sig. Þess ber að gæta að þessi listi er ekki tæmandi eða bindandi, enda er starfið okkar lifandi vettvangur sem tekur mið af þörfum þess barna- og starfsmannahóps sem hjá okkur er. Hann á þó að gefa góða mynd af því hvernig við vinnum og hvernig við setjum framangreind markmið og áhersluþætti í framkvæmd í raunverulegum verkefnum. Ávallt er boðið upp á útiveru, hreyfingu og frjálsan leik í bland við fjölbreyttar smiðjur, klúbba og þematengd verkefni. Með þessu móti náum við góðu jafnvægi á milli þess að leyfa börnunum að njóta sín með félögum sínum og sinna sínum hugðarefnum þegar formlegri dagskrá skólans sleppir og að fá útrás fyrir hreyfiþörf sína, náttúrulega forvitni og skapandi hugsun þannig að þau fái það mesta út úr veru sinni í frístundaheimilinu. Áhersla er lögð á það að styðja við lestrarnám barnanna með óformlegum hætti, svo sem með því að hafa gott aðgengi að bókum í frístundaheimilinu og með því að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfinu, m.a. með því að merkja helstu hluti og rými í starfinu með bæði orðmynd og mynd. Þannig náum við líka að styðja við og ýta undir markvisst íslenskunám hjá börnum sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Við erum einnig dugleg að nýta okkur bókasöfnin í hverfinu og erum í góðu samstarfi við skólabókasafnið.
Við vinnum út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Menntastefna Reykjavíkurborgar er ætlað að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgðu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar, þar sem við leitum fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið og raddir barnanna og notum við til þess fjölbreyttar leiðir. Eitt af því sem við gerum er að hafa hugmyndakassa þar sem þau geta sett hugmyndir og tillögur til starfsmanna hvenær sem þeim dettur í hug og úr þeim er unnið. Við minnum reglulega á hugmyndakassann og bjóðumst til að aðstoða börnin við að koma hugmyndum sínum í kassann. Á starfsmannafundum förum við yfir hugmyndir og reynum að framkvæma þær eftir bestu getu. Við erum dugleg við að nota opinn efnivið og flétta tækninni inn í starfið okkar þannig að börnum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Við leggjum áherslu á skapandi verkefni, hvort sem er í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum og reynum að flétta saman skapandi vinnu og verklegri vinnu þar sem þau þjálfast í meðferð áhalda, s.s. með skartgripagerð, vísindatilraunir, leiklist, ljósmyndun o.s.frv.

Nálgun við gerð aðgerðaráætlunar:

Við gerð þessarar aðgerðaráætlunar var leitast við að hafa víðtækt samráð við sem flesta hagsmunaaðila til þess að geta sem best mætt þörfum þeirra og óskum um þjónustu. Meðal annars var leitað eftir hugmyndum barnanna um það hvernig þau vilja sjá starfið og var hugmyndakassinn látinn ganga í heimakrók. Einnig var leitað til foreldra og þeir hvattir til að koma tillögum um verkefni eða betrumbætur á starfinu til forstöðumanna sem gætu nýst í þessari vinnu.
Síðast en ekki síst voru starfsmenn virkir í vinnunni og koma með ýmsar góðar tillögur að verkefnum þar sem við náum að koma framangreindum markmiðum og áherslum í aldursviðeigandi og áhugahvetjandi verkefni fyrir krakkana.

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Skýjaborga auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Innra mat 2025-2026
Styrkleikar og tækifæri byggt á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A eða B)
Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.

Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.

Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.

Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.

Tækifæri til umbóta (vísbendingar sem fá C eða D)

Engar

Umbótaáætlun 2026-2027

Aðgerðir sem við viljum vinna að á þessu skólaári

Bæta mætti myndrænt skipulag og valtöflu. Myndrænt skipulag sé sýnilegt á öllum svæðum

Setja upp sáttmála um hvert svæði fyrir sig. Börnin vinna saman og setja reglur um hvert svæði fyrir sig. Sáttmálar sýnilegir á svæðum og börnin þekkja innihald þeirra.

Aðgerðir: Nýta starfsdaga til að fara yfir skipulag og valtöflu. Vinna sáttmálann með börnunum
Ábyrgð: Stjórnendur
Hvenær eru áætluð lok: Lokið í desember 2026
Hvenær og hvernig á að endurmeta: Viðtal við börnin og starfsmenn. Stöðugt í mati
Viðmið um árangur: Börnin geta auðveldlega lesið og nýtt valtöflu og þekki sáttmala sem eru á svæðum

Helstu dagsetningar og áherslur starfsársins

Unnið er eftir menntastefnu Reykjavíkur Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum: Félagsfærni, sjálfsefling.læsi, sköpun og heilbrigði. Þessa þætti fléttum við inn í þemavikurnar

Starfsáætlun með þemum

September

Þema: Heilsuvika
Í heilsuviku er lögð áhersla á líkamlega, andlega og félagslega heilsu barnanna. Börnin taka þátt í hreyfileikjum, útiveru, samverustundum og verkefnum sem efla vellíðan, jákvæða sjálfsmynd og vináttu. Kynnt eru heilbrigðar lífsvenjur með leik og sköpun.

- Klúbbastarf hefst.
- Foreldrakynning.
- Vináttuþjálfunarverkefnið kynnt fyrir starfsmönnum.
- **21.-25. september:** Heilsuvika, fyrsta sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar.
- **30. september:** Starfsdagur í Vesturbæjarskóla. Lengd viðvera í Skýjaborgum.

Október

Þema: Vísinda- og tilraunavika
Börnin fá tækifæri til að rannsaka, uppgötva og læra í gegnum einfaldar tilraunir og vísindalega hugsun. Unnið verður með náttúruvísindi, tækni, skynjun og sköpun þar sem forvitni og spurningar barna fá að leiða verkefnin áfram.

- **7. október:** Lengd viðvera í Skýjaborgum / samráðsdagur.
- **12.-16. október:** Vísinda- og tilraunavika.
- **23. október:** Starfsdagur. Lokað á Skýjaborgum.
- **22., 23. og 26. október:** Haustfrí/vetrarfrí. Lokað á Skýjaborgum.
- **30. október:** Hrekkjavaka.

Nóvember

Þema: Barnaréttindavika og undirbúningur fyrir jólamarkað

Í nóvember er lögð áhersla á réttindi barna, lýðræði, þátttöku og virðingu. Börnin kynnast réttindum sínum á aldurshæfan hátt og fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á starfsemina. Jafnframt hefst undirbúningur fyrir jólamarkað og jólagleði.

- **8. nóvember:** Baráttudagur gegn einelti. Unnið með eineltisfræðslu og forvarnir.
- **16.-20. nóvember:** Réttindavika barna. Þemavika í tilefni af afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og til að minna börnin á réttindi sín.

Desember

Þema: Jólamarkaður og jólagleði

Í desember skapast notalegt og hátíðlegt andrúmsloft þar sem áhersla er lögð á samveru, sköpun, gleði og samfélagsvitund. Börnin taka þátt í jólaföndri og undirbúningi jólamarkaðar.

- Jólaföndur og jólagleði.
- **10. desember:** Jólamarkaður fjölskyldunnar til styrktar SOS-barnaþorpum.
- **21., 22., 23., 28., 29. og 30. desember og 4. janúar:** Lengd viðvera á Skýjaborgum vegna jólaleyfis.
- **24., 25. og 26. desember og 1. janúar:** Jólafrí. Lokað á Skýjaborgum.

Janúar

Þema: Fjölmenning

Börnin kynnast fjölbreytileika samfélagsins, mismunandi menningarheimum, tungumálum og hefðum. Áhersla er lögð á virðingu, umburðarlyndi og skilning á því að fjölbreytileiki sé styrkur.

- Klúbbastarf hefst að nýju.
- **4. janúar:** Lengd viðvera á Skýjaborgum.
- **18.-22. janúar:** Fjölmenningarvika.
- Hugmyndavinna fyrir Barnamenningarhátíð.

Febrúar

Þema: Miðlalæsi

Í miðlalæsisviku læra börnin að skoða fjölmiðla og stafrænt efni á gagnrýninn og skapandi hátt. Fjallað er um netöryggi, samskipti og áhrif fjölmiðla á daglegt líf.

- Klúbbastarf heldur áfram
- Foreldrum býðst að koma í viðtal til stjórnenda Skýjaborga.

- **4.-5. febrúar:** Starfsdagar í Vesturbæjarskóla. Lengd viðvera á Skýjaborgum.
- **10. febrúar:** Öskudagur. Börn mæta fyrr í Skýjaborgir.
- **15.-19. febrúar:** Miðlalæsisvika.
- Skráning á Vala.is vegna skólaársins 2027-2028
- **22. og 23. febrúar:** Vetrarleyfi. Lokað á Skýjaborgum.
- Starfsþróunarsamtöl.

Mars

Þema: Umhverfisvika

Í Umhverfisviku er lögð áhersla á náttúruna, sjálfbærni og ábyrgð gagnvart umhverfinu. Börnin taka þátt í verkefnum sem tengjast flokkun, endurvinnslu, útikennslu og umhverfisvernd.

- Páskafrí.
- **15.-19. mars:** Umhverfisvika.
- **22., 23. og 24. mars:** Heilir dagar í páskafríi.

Apríl

Þema: Barnamenning

Í tengslum við Barnamenningarhátíð fá börnin tækifæri til að njóta lista og menningar og tjá sig á skapandi hátt í gegnum myndlist, tónlist, leiklist og fjölbreytt verkefni.

- **15.-19. apríl:** Barnamenningarvika.
- **22. apríl:** Sumardagurinn fyrsti. Lokað á Skýjaborgum.
- **27. apríl:** Starfsdagur í Vesturbæjarskóla. Lengd viðvera á Skýjaborgum.
- Kynning á sumarstarfi fyrir foreldra.

Maí

Þema: Fjölbreytileiki

Í maí er lögð áhersla á útiveru, vináttu og fjölbreytileika. Börnin læra að meta styrkleika hvers annars og virða ólíkan bakgrunn, áhugasvið og hæfileika.

Í maí eru einnig skipulagðar vettvangsferðir um nágrenni Vesturbæjarskóla og hið árlega Regnbogahlaup frístundaheimilanna.

- **6. maí:** Uppstigningardagur. Lokað á Skýjaborgum.
- **10.-14. maí:** Fjölbreytileikavika.
- **13. maí:** Regnbogahlaupið.
- **17. maí:** Annar í hvítasunnu. Lokað á Skýjaborgum.
- **18. maí:** Starfsdagur í Vesturbæjarskóla. Lengd viðvera á Skýjaborgum.

Júní

Þema: Sumargleði og útinám

Sumarstarfið einkennist af leik, hreyfingu, útiveru og vettvangsferðum. Áhersla er lögð á sjálfstæði, samvinnu og gleði í fjölbreyttum verkefnum utandyra.

- **10. júní:** Skólaslit og skipulagsdagur á Skýjaborgum.
- **11. Júní**: Starfsdagur. Lokað á Skýjaborgum
- **14. Júní:** Sumarstarfið hefst

Júlí

- **LOKAÐ**. Skýjaborgir eru lokaðar í sumarleyfi

Lokaorð

Starfsáætlun þessi er leiðarvísir um starfsemi Skýjaborga á starfsárinu 2026-2027. Hún byggir á menntastefnu Reykjavíkurborgar og þeim gildum sem einkenna starf frístundaheimilisins. Áætlunin er lifandi skjal sem getur tekið breytingum í takt við þarfir barnahópsins, hugmyndir barnanna sjálfra og aðstæður hverju sinni. Markmið okkar er að skapa öruggt, skemmtilegt og lærdómsríkt umhverfi þar sem hvert barn fær tækifæri til að blómstra og njóta sín í leik og starfi.